

GJALDSKRÁ

um þóknun fyrir vinnu og nám og upphæð dagpeninga til fanga.

1. gr.

Fyrir störf afplánunarfanga í fangelsum skulu þeir hljóta eftirfarandi þóknun:

1. Fyrir ræstingastörf, þrif í eldhúsi og sambærileg störf skal greiða 335 krónur á klukkustund.
2. Fyrir skólasókn í fangaskóla, störf í þvottahúsi, almennt viðhald, heyvinnu, lóðarsnyrtingu, þökkun, umbrotsvinnu og sambærileg störf skal greiða 380 krónur á klukkustund.
3. Fyrir brettasmíði, vinnu á járnsmíðaverkstæði, númeragerð, pappaöskjuframleiðslu, steypuframleiðslu, vinnu á trésmíðaverkstæði, vélaviðgerðir og sambærileg störf skal greiða 415 krónur á klukkustund.
4. Fyrir flokkstjórn skal greiða 440 krónur á klukkustund.

2. gr.

Fyrirkomulag ákvæðisvinnu vegna beitningar- og línu- og netavinnu í Fangelsinu Kvíabryggju og Fangelsinu Litla-Hrauni skal vera með eftirfarandi hætti:

Beitning með síld	1.300 kr./500 krókar
Beitning með loðnu eða síli	1.425 kr./500 krókar
Skurður á síld	155 kr./500 krókar
Línuuppstokkun	840 kr./500 krókar
Áhnýting	1.670 kr./500 krókar
Þorskanet, pípur	370 kr./stk.
Þorskanet, afskurður	570 kr./stk.
Þorskanet, felling	630 kr./stk.
Grásleppunet, pípur	315 kr./stk.
Grásleppunet, afskurður og felling	350 kr./stk.

Sé krókatala lægri en 500 skal greiða hlutfall af tilgreindum fjárhæðum.

3. gr.

Þegar gæsluvarðhaldsfangar vinna í fangelsum skal þeim greidd þóknun fyrir störf sín með sama hætti og að ofan greinir.

4. gr.

Fjárhæð dagpeninga fanga skal vera 630 krónur á dag. Dagpeningar skulu einungis greiddir virka daga frá mánudegi til föstudags.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1018/2011.

Innanríkisráðuneytinu, 21. desember 2016.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Þórunn J. Hafstein.